

Mál nr. 195/2007

H og S

og

X hf. vegna réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar

Réttaraðstoðartrygging

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. október 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 17. október 2007.

Málsatvik.

H og S krefjast þess að X viðurkenni bótaábyrgð á greiðslu úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar vegna dómsmáls sem þeir hyggjast höfða á hendur íslenska ríkinu og eftir atvikum nafngreindum einstaklingi í kjölfar dóms sem kveðinn var upp 15. mars 2004. H og S telja sig hafa verið með málskostnaðartrygginu hjá öðru tryggingafélagi á þeim tíma. Þeir hafi flutt tryggingar sínar frá því félagi að áeggjan sölumanns X sem sannfærði þau um að hag þeirra yrði betur borgið hjá X. X segir fjölskyldutryggingu H og S hafa gilt frá 17. ágúst 2006. Skv. skilmálum taki málskostnaðartryggingin aðeins til ágreinings sem kemur upp á vátryggingartímabilinu. Upphaf málareksturs þess sem H og S vilja standa að sé að rekja til áðurnefnds dóms. Á þeim tíma hafi H og S ekki verið með gilda fjölskyldutryggingu hjá félaginu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum fjölskyldutryggingar X nær málskostnaðartrygging hennar eingöngu til mála vegna ágreinings sem kemur upp á vátryggingartímabilinu. Upphaf vátryggingarinnar er 17. ágúst 2006 en nauðsyn málareksturs sýnist hafa verið ljós frá 15. mars 2004. Þegar af þeirri ástæðu er ljóst að á þeim tíma höfðu H og S ekki gilda fjölskyldutryggingu með málskostnaðartryggingu hjá X.

Niðurstaða.

Málskostnaður vegna bótamáls sem H og S hyggjast höfða fellur ekki undir málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar X.

Reykjavík, 13. nóvember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.